

Ný ljóðabók eftir 20 ár

Fyrir tuttugu ára hlé kemur 5. maí næstkomandi út ný ljóðabók frá Steinunni Ásmundsdóttur rithöfundi, 70 ljóð undir heitinu Áratök tímans. Útgefandi er Félag ljóðaunnenda á Austurlandi. Útgáfuhóf verður haldið á Bókakaffi við Lagarfljótsbrú kl. 15 á útgáfudaginn og eru allir velkomnir.

Steinunn er fædd árið 1966 í Reykjavík. Ferðalög innanlands og vitt um veröldina, ljóðagerð, blaðamennska, starf að náttúruvernd og landvarsla voru helstu viðfangsefni ungdómssársanna, allt fram til ársins 1996. Hún settist þá að á Egilsstöðum og vann sem blaðamaður og ljósmyndari Morgunblaðsins á Austurlandi í hartnær áratug en tók svo við ritstjórn héraðsfréttablaðsins Austur-gluggans um nokkurra ára skeið.

Steinunn afréð fyrir fæinum árum að draga sig úr erli fjölmíðlavinnu, kyrra líf sitt og leita skáldæðarinna á ný. Árin 2016 og 2017 skrifsaði hún langflest ljóð þessarar bókar og er með því rofin tveggja áratuga þögn hennar á vettvangi skáldskaparins.

Fyrri bækur

Steinunnar Ásmundsdóttur:

Einleikur á regnboga

– Almenna bókafélagið, 1989

Disyrdi – Goðorð, 1992

Hús á heiðinni – Andblær, 1996.

Ljóð, sögur og greinar í safnritum, tímaritum og blöðum og þættir/innslög á ljósvaka.

Hug verkavefur: www.yrkir.is

Guli vitinn

Enn ein nóttni þar sem öldurnar gjálfra við gamla vitann og sinnið galopin und sem saltið á greiða leið að.

Enginn af piltum reykfylltra sala Hótel Borgar á nokkuð líkt aðdráttarafli gula vitans við innsiglinguna sem blikkar hana til sín gegnum hverja dansandi nöttina á fætur annarri.

Að sitja á röku, tilhöggnu grjótinu gefur undarlega frá. Anda að sér útsynningnum og finna skvettast inn í hugsunina hugmynd um að synda út hafnarmynnið.

Oldurótið stundum blitt og í annan tíma stritt. Vitinn hennar sterkur eins og rót Yggdrasils og hún Embla í skjóli hans uns birtir og borgin vaknar.

Ljós handan myrkurs

(Hamburg, Þýskaland)

Þeir hengdu sig frekar í ibúðargámunum en að fara aftur til Ankara og láta skjóta sig í kjallaranum á flugstöðinni. Konurnar urðu geðveikar af biðinni með litlu börnin og allsleysið umlykjandi. Ég var að kikna undan vonsku heimsins og því að geta ekki gert neitt til hjálpar sem skipti máli í alvöru og þurfti að svara því fyrir sjálfa mig hvort ég ætti að fara mína leið.

Einhvers staðar á þessari vegferð skildist mér að segurð lífsins býr í hinu smáa, að hjálpræðið felst í daglegu lífi og maður lætur ekki lítilmagna, börn og skepnur liggja óbætt hjá garði.



Orð

Þau snuru algjörlega við blaðinu og fóru út eftir áralanga innistöðu. Klifruðu í trjánum, eltust við norðurljósin og létu beinlinis öllum illum látum uns ég skipaði þeim harðri hendi að koma og setjast pruð niður á pappírinn – steinhalda sér saman þangað til annað yrði gefið út.

Steinunn Ásmundsdóttir

Áratök tímans

